

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. mars 2026.

Mál nr. E-1952/2024:

**Grímur Jóhann Ingólfsson og**

**Guðfinna A. Hjálmarsdóttir**

(*Einar Hugi Bjarnason lögmaður*)

**gegn**

**P. Þorgrímssyni & Co ehf.**

(*Leó Daðason lögmaður*)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Þetta mál var höfðað 19. mars 2024 af Grími Jóhanni Ingólfssyni og Guðfinnu A. Hjálmarsdóttur, báðum til heimilis að [...], gegn P. Þorgrímssyni & Co ehf., Ármúla 29, Reykjavík. Málið var dómtekið 18. febrúar 2026.
- Stefnendur krefjast þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum óskipt 8.960.800 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þingfestingardegi til greiðsludags. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar óskipt úr hendi stefnda að viðbættum virðisaukaskatti.
- Stefndi krefst þess aðallega að vera sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu. Til vara er þess krafist að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar. Stefndi gerir í báðum tilvikum kröfu um að stefnendur greiði málskostnað honum að skaðlausu.
- Dómur var fjölskipaður í málinu. Við aðalmeðferð málsins 18. febrúar 2026 var gengið á vettvang. Þá gaf aðilaskýrslu Grímur Jóhann Ingólfsson stefnandi. Skýrslur sem vitni gáfu dómkvaddir matsmenn, Stefán Hallsson og Gunnar Fannberg Gunnarsson.

## Helstu málsatvik

5. Árið 2009 keyptu stefnendur svonefnda Canixel-utanhússklæðningu af stefnda. Klæðningin er kanadísk framleiðsla. Fram kemur í stefnu og framlögðum reikningi um kaupin, dags. 20. febrúar 2009, að klæðningin hafi verið seld með 25 ára ábyrgð. Í stefnu segir að haustið 2009 hafi útveggir sumarhúss stefnenda [...] verið klæddir með umræddri utanhússklæðningu.
6. Í stefnu segir að byrjað hafi að bera á göllum á klæðningunni á árinu 2017 eða 2018 en sumarið 2023 hafi stefnendur beint kvörtun til stefnda vegna ástands klæðningarinnar. Ágreiningslaust er að í september sama ár komu starfsmenn stefnda og skoðuðu klæðninguna á fasteign stefnenda. Í stefnu er þeirri athugun lýst svo að hún hafi beinst að ástandi hennar en í greinargerð stefnda segir að hún hafi lotið að uppsetningu og frágangi hennar.
7. Í stefnu segir að starfsmenn stefnda hafi að lokinni þessari athugun lofað stefndum að haft yrði samband við þau fljótlega. Ekki hafi verið staðið við það og því hafi þau sent stefnda bréf, dags. 18. september 2023, þar sem þau kröfðust úrbóta af hálfu stefnda vegna galla á klæðningunni. Í bréfinu var þess jafnframt krafist að stefndi staðfesti innan 15 daga frá dagsetningu bréfsins að hann myndi greiða að fullu fyrir úrbætur á fasteign stefnenda og fyrir annað tjón sem yrði rakið til gallans.
8. Stefndi hafnaði kröfum stefnenda með bréfi, dags. 4. október 2023, með vísan til þess að eftir skoðun starfsmanna stefnda teldi stefndi að meinta ágalla mætti rekja til ófullnægjandi uppsetningar og frágangs á klæðningunni sem gerði að verkum að eðlileg loftskipti næðu ekki að eiga sér stað á bak við klæðninguna.
9. Að beiðni stefnenda var Stefán Hallsson, byggingafræðingur, arkitekt og húsasmíðameistari, dómkvaddur sem matsmaður 13. desember 2023 og liggur matsgerð hans fyrir meðal gagna málsins, dags. 27. febrúar 2024. Í henni eru m.a. myndir af húsinu og klæðningunni á tilteknum stöðum.
10. Í umfjöllun um vettvangsskoðun í matsgerðinni kemur m.a. fram að greinilegar bungur væru á klæðningunni, sérstaklega á austur- og vesturhliðum. Sjáanlegar skemmdir væru á yfirborðshúð klæðningarinnar vegna veðrunar á austur- og norðurhliðum. Minna væri um skemmdir á suðurhlið. Við skoðun væri greinilegt að Canixel-klæðningin hefði þanist í plani sínu þar til þvingun væri orðin svo mikil að bungur mynduðust og klæðning bólgnaði milli festinga. Þetta væri áberandi á austurhlið undir gluggum. Í matsgerðinni segir einnig að hár loftraki hérlendis og ekki síður tíð úrkoma í vindi, þ.e. slagregn, geti

haldið Canixel-klæðningunni blautri lengi þannig að útpornun verði lítil og ekki nægjanleg til að hindra þenslu. Sjá megi á álagshliðum að klæðningin bungi vegna þenslu og greinilega sjáist að yfirborðshúð sé farin að skemmast og flagna af, sérstaklega á álagshliðum, þ.e. austur- og norðurhliðum. Því megi telja að klæðningin þoli illa slagregn.

11. Niðurstaða matsgerðarinnar er að augljósir gallar og útlitslýti séu á Canixel-klæðningunni sem orsakist af þenslu í klæðningunni vegna utanaðkomandi raka sem efnið drekki í sig. Húð á yfirborði klæðningarinnar hafi að hluta til flagnað af sem auðveldi rigningarrvatni í miklum vindi að þrýstast inn í klæðninguna. Því sé það mat hans að klæðningin henti ekki fyrir íslenskar aðstæður og leggur hann til að klæðningin verði öll fjarlægð af húsveggjum og ný liggjandi gagnvarin viðarklæðning verði sett í stað núverandi klæðningar. Ekki væri unnt að gera við klæðninguna þar sem hún hafi ekki það veðrunarþol sem íslenskar aðstæður krefjist og sami galli muni koma upp aftur verði sams konar klæðning notuð. Í niðurstöðukafla matsgerðarinnar kemur einnig fram kostnaðarmat þar sem segir að áætlaður verktími, miðað við að taka niður klæðninguna og farga og setja nýja klæðningu ásamt málun, sé 480 klukkustundir, þ.e. einn mánuður í vinnu fyrir þrjá menn. Matsgerðinni fylgir einnig sundurliðað kostnaðarmat þar sem kostnaður vegna ofangreinds er samanlagt áætlaður 8.960.800 krónur.
12. Í kjölfar matsgerðarinnar sendu stefnendur hana með bréfi til stefnda, dags. 5. mars 2024, og óskuðu eftir afstöðu stefnda innan 10 daga frá dagsetningu bréfsins til bótaskyldu gagnvart stefnendum á grundvelli matsgerðarinnar. Stefndi hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 15. mars s.á. Vísaði stefndi til þess að skoðun matsmanns væri í samræmi við skoðun starfsmanna hans að því leyti að frágangur og uppsetning klæðningar að neðanverðu, ofanverðu og við glugga væri röng, ófullnægjandi og ekki í samræmi við leiðbeiningar og hindraði því loftskipti. Stefnendur höfðuðu svo fáum dögum síðar þetta mál á hendur stefnda.
13. Undir rekstri málsins, í þinghaldi 26. september 2024, var Gunnar Fannberg Gunnarsson dómkvaddur sem matsmaður að beiðni stefnda til að meta tilgreind atriði samkvæmt matsbeiðni varðandi ágreining aðila í málinu. Matsgerð var lögð fram í næsta þinghaldi í málinu, 17. janúar 2025.
14. Fram kemur í matsgerðinni, sem einnig er með myndum til nánari skýringar, að við skoðun og mat á klæðningunni hefði verið notast við sjónmat á suður-, vestur- og norðurhliðum hússins en klæðning hefði verið opnuð að hluta á austurhlið þar sem Canixel-

borð hefðu verið tekin frá til nánari skoðunar á undirkerfi og uppbyggingu klæðningarinnar. Tekið er fram að viðstaddir á matsfundi hafi talið óþarft að opna klæðninguna á öðrum hliðum hússins og gera mætti ráð fyrir að uppsetning og frágangur þar hefði verið sambærilegur. Á vesturhlið hafi þakkantur verið opnaður til skoðunar á frágangi klæðningar sem gengi upp fyrir þakkant. Tekið er fram að ekki sé loftun á klæðningu fyrir neðan eða ofan glugga og hurðir þar sem loftrás væri lokuð. Varðandi frágang klæðningar neðst, við steypa plötu, kemur m.a. fram að þar hafi verið gataplata til að hindra að mýs eða annað kæmust inn í klæðninguna. Um endafrágang á klæðningu ofan við þakkant segir að hann sé opinn upp í þakkant. Um bil milli lekta segir að samkvæmt mælingu þar sem klæðning var opnuð hefði bilið verið um 400 mm en þrengra þar sem gluggar væru staðsettir.

15. Helstu niðurstöður matsgerðarinnar eru að við matsfund og vettvangsskoðun hefði verið staðreynt að Canxel-klæðningin hefði í meginatriðum verið lögð í samræmi við leiðbeiningar en frávik væru frá leiðbeiningum. Helstu frávik væru þau að ekki væri útfærð loftun með gegnumflæði þar sem gluggar væru staðsettir ásamt því að ekki væri skordýranet við endafrágang við steypa plötu. Spurningu um hvort slíkur frágangur á klæðningu gæti orsakað skemmdir á klæðningunni svaraði matsmaður svo að mat hans væri að ónóg loftun gæti orsakað skemmdir þar sem vatn eða raki næði að liggja í lengri tíma innan klæðningar með þeim afleiðingum að klæðning drægi í sig vatn eða raka og þensla kæmi fram í efni hennar. Einnig kom fram í niðurstöðum matsgerðar að ummerki væru um að raki væri kominn í hluta af klæðningunni þar sem hún hefði þanist og klæðningarborð gengið til, einkum þar sem hluti af gluggum væri og að áberandi mætti sjá meiri þenslu kringum glugga þar sem loftun væri ekki til staðar. Matsmaður taldi skoðun leiða í ljós að klæðning hefði skemmst vegna hás rakastigs. Matsspurningu um hvort viðhald á klæðningunni hefði verið með fullnægjandi hætti frá uppsetningu, t.d. með því að mála hana reglulega eða með þvotti, svaraði matsmaður m.a. svo að sjá mætti flögnun eða veðrun á málningu á ysta byrði klæðningar sem rekja mætti til þess að það hefði ekki verið yfirborðsmeðhöndlað. Einnig væri mosagróður byrjaður að koma fram á klæðningunni. Því mætti sjá almennt og eðlilegt niðurbrot að þessu leyti í klæðningu sem gera mætti ráð fyrir að kæmi fram á líftíma hennar. Lýst var því mati matsmannsins að viðhaldi á klæðningunni hefði ekki verið sinnt með reglubundnum hætti og var þar m.a. tekið fram að sýnilegt niðurbrot væri merkjanlegt á klæðningarborðum. Í matsgerðinni segir að matsmaður hefði ekki séð að óeðlilegt niðurbrot eða skemmdir

væru í lektum eða öðru efni sem notað var innan klæðningarinnar vegna uppsetningar hennar. Í matsgerðinni er einnig tekið fram að innloftun undir klæðningu og ofan við klæðningu uppfyllti nánar tilgreindar kröfur samkvæmt leiðbeiningum, byggingarreglugerð og almennum venjum.

### **Helstu málsástæður og lagarök stefnenda**

16. Stefnendur byggja á því að umrædda klæðningu hafi skort áskilda kosti og hún ekki fullnægt þeim eiginleikum sem heitið hafi verið og því beri stefndi skaðabótaábyrgð gagnvart þeim.
17. Stefnendur byggja á því að um neytendakaup sé að ræða og því skuli leyst úr málinu á grundvelli laga nr. 48/2003 um neytendakaup, enda falli kaupin á viðarklæðningunni undir 2. og 3. mgr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 3. gr. laganna séu þau ófrávíkjanleg og því geti stefndi ekki borið fyrir sig málsástæður sem veiti stefnendum lakari réttarvernd en lögin heimili.
18. Þeir eiginleikar sem söluhlutur skuli hafa séu tilgreindir í a–g-lið 2. mgr. 15. gr. laganna, nema annað leiði af samningi. Þá teljist söluhlutur gallaður samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. laganna. Af hálfu stefnenda er byggt á því að klæðningin fullnægi ekki áskilnaði í a–c-lið og f-lið 2. mgr. 15. gr. laganna og sé því gölluð, sbr. a-lið 1. mgr. 16. gr.
19. Stefnendur halda því þar nánar fram að klæðningin fullnægi engan veginn því hlutverki sem henni sé ætlað, þ.e. sem vörn gegn veðri og vindum. Því henti hún ekki í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir séu venjulega notaðir til, sbr. a-lið 2. mgr. 15. gr. sömu laga. Stefndi hafi ábyrgst endingu klæðningarinnar í 25 ár án nokkurra fyrirvara. Hins vegar sé ljóst að hún hafi ekki fullnægt þeim eiginleikum þar sem hún hafi skemmst löngu áður en ábyrgðartíminn var liðinn. Klæðningin hafi því ekki haft þá eiginleika sem stefnendur hafi mátt vænta við kaup hvað varði endingu og annað, sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr. neytendalaga, og á því beri stefndi skaðabótaábyrgð.
20. Af hálfu stefnenda er einnig byggt á því að klæðningin sé gölluð í skilningi c-liðar 2. mgr. 15. gr. laganna. Klæðningin hafi verið markaðssett þannig að hún hentaði sérstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður og hafi ekki átt að þarfnast verulegs viðhalds. Eins og þegar sé rakið hafi þetta ekki staðist og því sé klæðningin án alls vafa gölluð.

21. Stefnendur byggja á því að ósannað sé að umrædd klæðning standist skilyrði f-liðar 2. mgr. 15. gr. laganna og byggja á því að viðarklæðningin hafi ekki fengið formlega vottun á Íslandi og því sé ekki ráðlegt að nota hana hérlandis.
22. Stefnendur byggja kröfu um skaðabætur jafnframt á því að klæðningin hafi verið gölluð í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna þar sem hún hafi ekki haft þá eiginleika sem stefndi hafi gefið í skyn við markaðssetningu vörunnar. Stefndi hafi tekið á sig ríka ábyrgð með yfirlýsingu um 25 ára ábyrgð en klæðningin hafi ekki fullnægt þessum eiginleikum og skemmst áður en ábyrgðartíminn var liðinn. Á því beri stefndi skaðabótaábyrgð.
23. Með vísan til þess sem að framan er rakið byggja stefnendur á því að samkvæmt e-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 eigi þau rétt á að krefjast skaðabóta á grundvelli 33. gr. laganna þar sem þau hafi orðið fyrir tjóni vegna galla á klæðningunni. Sömu reglu leiði af 1. mgr. 18. gr. og b-lið 3. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Byggja stefnendur á því að öll skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt, þar með talin um sök, orsakatengsl o.fl.
24. Stefnendur vísa til fyrirbyggjandi matsgerðar dómkvaddis matsmanns um grundvöll skaðabótakröfunnar. Þar sé komist að þeirri niðurstöðu að augljósir gallar og útlitslýti séu á klæðningunni sem orsakist af þenslu í klæðningunni vegna utanaðkomandi raka sem efnið drekki í sig. Þá komi fram að húð á yfirborði klæðningar hafi að hluta til flagnað af sem auðveldi rigningarvatni að þrýstast inn um klæðninguna í miklum vindi. Að mati matsmannsins henti klæðningin ekki fyrir íslenskar aðstæður og hann leggi til að hún verði fjarlægð af húsveggjum og ný liggjandi gagnvarin viðarklæðning verði sett í staðinn. Af kostnaðarmati með matsgerðinni megi ráða að úrbætur felist m.a. í rífi og förgun á klæðningu, uppsetningu nýrrar klæðningar, málun, hreinsun og frágangi í verklok.
25. Í munnlegum málflutningi við aðalmeðferð málsins vísaði lögmaður stefnenda sérstaklega og um ýmis atriði til úrlausna dómstóla í sex fyrri dómsmálum gegn stefnda þar sem leyst hafi verið úr sambærilegum ágreiningi og í þessu máli, þ.e. meintum göllum á sömu tegund af klæðningu af gerðinni Canoxel og þetta mál varðar. Nánar tiltekið var þar í fyrsta lagi um að ræða dóm Hæstaréttar 11. júní 2015 í máli nr. 510/2014, í öðru lagi dóm Landsréttar 13. desember 2019 í máli nr. 863/2018 og í þriðja til sjötta lagi fjóra dóma Héraðsdóms Reykjavíkur, í málum nr. E-1769/2020 og E-7135/2020 frá 21. nóvember 2022, í máli nr. E-1771/2020 frá 1. desember 2022 og í máli nr. E-2380/2020

frá 7. mars 2023. Fram kom nánar að í þessum dómsmálum hefði verið aflað matsgerða, dómar verið fjölskipaðir og að niðurstaðan hefði í öllum tilvikum verið sú að klæðningin hefði verið talin gölluð á sambærilegum forsendum og stefnendur byggi á í þessu máli. Um leið hafi með þessum dómum verið hafnað sambærilegum vörnum stefnda og færðar væru fram í þessu máli. Stefndi hefði því tapað öllum málunum og verið dæmdur til greiðslu skaðabóta.

### **Helstu málsástæður og lagarök stefnda**

26. Stefndi mótmælir öllum kröfum, málsástæðum og lagarökum stefnenda og telur stefnendur ekki geta byggt rétt gagnvart stefnda á neinni þeirra. Stefndi telur framlagða matsgerð haldna augljósum ágöllum, auk þess sem hún renni engum stoðum undir kröfur stefnenda. Að mati stefnda megi af matsgerðinni ráða að meinta ágalla eða skemmdir á klæðningu megi rekja til ófullnægjandi uppsetningar og rangs frágangs, sem ekki sé á ábyrgð stefnda.
27. Stefndi byggir á því að uppsetning klæðningar sé andstæð leiðbeiningum og þann galla sem stefnendur telja vera á ábyrgð stefnda megi rekja til þessa. Enga galla sé að finna á klæðningunni og sé einhverja galla að finna megi rekja þá til rangrar eða ófullnægjandi uppsetningar eða til ófullnægjandi frágangs á fasteigninni með tilliti til loftskipta. Á því geti stefndi ekki borið ábyrgð og því séu skilyrði skaðabótaréttar um orsakatengsl ekki uppfyllt. Í greinargerð stefnda er vísað til fimm atriða í þessu sambandi.
28. Í fyrsta lagi vísar stefndi til þess að fyrir liggi að lektabil sé ekki í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Í leiðbeiningunum komi skýrt fram að lektabil skuli ekki vera breiðara en 400 mm en í fyrirliggjandi matsgerð komi fram að lektabil sé 600 mm.
29. Í öðru lagi er vísað til þess að samkvæmt leiðbeiningunum skuli vera 20 cm frá neðri brún klæðningar að jörðu til þess að koma í veg fyrir rakasöfnun. Að mati stefnda blasi við á framlögðum ljósmyndum að frágangur klæðningar sé ekki í samræmi við framangreind fyrirmæli.
30. Stefndi vísar í þriðja lagi til þess að frágangur á klæðningu bæði að neðan- og ofanverðu sé ekki í samræmi við leiðbeiningar. Við skoðun á klæðningunni hafi komið í ljós að klæðning sé lokuð að neðanverðu. Í matsgerð komi fram að matsmaður hafi þreifað undir klæðningu og þar sé heill listi og ekki merkjanleg opnun fyrir loftun. Þá komi einnig fram að ekki sé sjáanleg nein loftun undir klæðninguna að ofanverðu. Því sé ljóst að

klæðning sé klædd efst á útveggi upp fyrir klæðningu undir þakkanti og ekki sé gert ráð fyrir neinni loftun undir klæðningu.

31. Í fjórða lagi er vísað til þess að frágangur klæðningar í kringum glugga sé rangur og ekki í samræmi við leiðbeiningar. Klætt sé alveg upp að glugga að neðanverðu og engin loftun sé meðfram gluggum. Auk þess séu loftbil alveg lokuð að ofanverðu við glugga. Þetta komi einnig fram í fyrirliggjandi matsgerð. Þessi frágangur komi í veg fyrir nægileg loftskipti.
32. Stefndi vísar í fimmta lagi til þess að frágangi á innhornalistum sé ábótavant miðað við leiðbeiningar og ekki sé nægilegt þenslubil. Í leiðbeiningum framleiðanda megi sjá skýringarmynd en við skoðun starfsmanna stefnda hafi verið ljóst að frágangur var ekki í samræmi við þær. Þá komi fram í matsgerð að áfellur séu á hornum sem loki endum klæðningar og að endar séu stúfsettir með kítispéttingu í milli. Þetta sé í andstöðu við fyrirmæli framleiðanda.
33. Að mati stefnda liggi ekkert fyrir í málinu sem bendi til þess að ágallar séu á klæðningunni sem stefndi beri ábyrgð á. Skoðun matsmanns sé að stórum hluta í samræmi við skoðun starfsmanna stefnda í september 2023. Við þá skoðun hafi þegar verið ljóst að frágangur og uppsetning klæðningar að neðanverðu, ofanverðu og við glugga sé bæði rangur og ófullnægjandi og ekki í samræmi við leiðbeiningar þar sem loftskipti séu ýmist hindruð eða alveg lokuð. Engin loftun sé undir eða yfir gluggum þannig að loft geti streymt um klæðninguna og loftskipti átt sér stað þannig að raki safnist ekki fyrir, auk þess sem lektabil sé meira en leiðbeiningar geri ráð fyrir. Slíkur frágangur geti orsakað að klæðningarefnið fari að bylgjast, enda sé það þunnt, auk þess sem ekki sé gert ráð fyrir að klæðning sé lögð þétt saman þar sem gera skuli ráð fyrir að hún þenjst í raka.
34. Stefndi bendir sérstaklega á að klæðningin sé úr pressuðum viðartrefjum og því sé þensla hennar meiri en almennt gerist í viðarefni og stífni öllu minni en á gegnheilum viðarklæðningum og því sé mikilvægt að hún sé sett upp eftir leiðbeiningum. Þá geti útbeygjur verið hlutfallslega miklar ef mikið bil er á milli lista. Einnig skipti máli að bil við enda á klæðningunni sé með réttum hætti svo loftun sé nægileg.
35. Að mati stefnda sé ljóst af framangreindu að loftskipti bak við klæðningu séu ekki nægileg til að koma í veg fyrir raka í henni, sem geti orsakað skemmdir á framhlið hennar. Frágangur klæðningarinnar sé ekki í samræmi við leiðbeiningar en ábyrgðin liggi hjá eiganda fasteignarinnar sem hafi séð um uppsetningu og frágang hennar.

36. Stefndi byggir á því að klæðningin sé ógölluð og ósannað að hana skorti áskilda kosti eða hún fullnægi ekki þeim eiginleikum sem heitið hafi verið af stefnda. Þá mótmælir stefndi því sem röngu og ósönnuðu af hálfu stefnenda að klæðningin hafi verið gölluð við afhendingu til stefnenda í skilningi a–c-liðar og f-liðar 2. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr., laga nr. 48/2003 um neytendakaup.
37. Stefndi byggir á því að ekkert liggi fyrir í málinu um að klæðningin fullnægi ekki því hlutverki sem henni sé ætlað, líkt og stefnendur haldi fram. Af hálfu stefnda sé ljóst að klæðningin sé í góðu ástandi og sinni hlutverki sínu fullkomlega. Ekki hafi verið sýnt fram á annað af hálfu stefnenda. Málsástæða stefnenda um að klæðningin hafi verið auglýst með „sérstaklega góðan endingartíma“ sé engum gögnum studd og sé mótmælt af hálfu stefnda sem rangri og ósannaðri.
38. Stefndi mótmælir fullyrðingum stefnenda um að klæðningin hafi ekki haft þá eiginleika til að bera sem þau hafi mátt vænta hvað varði endingu og annað, sem og að stefndi hafi ábyrgst endingu klæðningarinnar án nokkurra fyrirvara í skilningi b-liðar 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003. Ástand klæðningarinnar sé í samræmi við það sem megi búast við þegar litið sé til þess hvernig frágangi hennar var háttað. Þá sé óljóst á hvaða ábyrgðar-yfirlýsingu stefnendur byggi en sú málsástæða sé ekki studd neinum gögnum. Stefndi geti hvorki ábyrgst uppsetningu klæðningarinnar né borið ábyrgð á útlitslýti sem megi rekja til frágangs hennar. Byggir stefndi á því að uppsetning klæðningarinnar sé röng og að útlit hennar megi rekja til þess.
39. Með vísan til sömu málsástæðna og að ofan greinir hafnar stefndi því að klæðningin sé gölluð með vísan til c-liðar 2. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr., laga nr. 48/2003. Að mati stefnda sé ljóst að miklir ágallar séu á uppsetningu klæðningarinnar og að ekki hafi verið farið eftir leiðbeiningum framleiðanda og seljanda. Byggir stefndi á því að þann galla sem stefnendur telji vera á ábyrgð stefnda megi rekja til uppsetningarinnar.
40. Stefndi mótmælir því að klæðningin standist ekki áskilnað f-liðar 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 en ekkert sé komið fram um að hún standist ekki kröfur opinbers réttar. Klæðningin hafi verið seld héraendis í langan tíma og engar athugasemdir gerðar af opinberum aðilum við sölu hennar. Þá hafi hún m.a. verið prófuð af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og standist þær kröfur sem gerðar eru í þeim aðstæðum og veðurfari héraendis.
41. Stefndi mótmælir því að klæðningin sé gölluð í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003. Í stefnu sé ekki rökstutt með hvaða hætti stefndi hafi tekið á sig 25 ára ábyrgð

í markaðssetningu eða með öðrum hætti. Hvergi sé vísað til gagna eða með hvaða hætti stefndi hafi veitt stefnendum slíkar upplýsingar við samningsgerðina, þannig að áhrif hafi haft á kaupin. Því hafnar stefndi þessari málsástæðu stefnenda sem rangri, órök-studdri og ósannaðri.

42. Stefndi mótmælir því að stefnendur eigi rétt til skaðabóta á grundvelli laga nr. 48/2003 þar sem klæðningin sem stefndi seldi stefnendum hafi ekki verið haldin neinum göllum. Stefndi beri ekki ábyrgð á tjóni vegna rangrar og ófullnægjandi uppsetningar hennar og lagarök standi ekki til slíks.
43. Því er einnig mótmælt að skilyrði skaðabótaréttar um sök og orsakatengsl séu uppfyllt. Stefndi hafi ekki sýnt af sér sagnæma háttsemi og því væri önnur niðurstaða óréttmæt og í ósamræmi við meginreglur skaðabótaréttar. Byggir stefndi því í öllum atriðum á meginreglum skaðabótaréttar um að tjónþola beri að sanna tjónstilvik, bótagrundvöll, umfang tjóns og orsakasamhengi þess við tjónstilvik og bótagrundvöll. Við mat á því hvort bótaskylda hafi skapast þurfi að taka mið af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig. Þá þurfi önnur skilyrði laganna að vera fyrir hendi þegar beita eigi 33. gr. laga nr. 48/2003, t.d. að vara hafi verið gölluð og að gallinn sé hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varði. Stefndi mótmælir því að nokkur skilyrði séu fyrir hendi sem geri stefnendum kleift að krefja stefnda um skaðabætur á þeim grundvelli með vísan til þess sem að framan er rakið.
44. Stefndi byggir sýknukröfu einnig á því að stefnendur hafi glatað öllum rétti á hendur stefnda sökum tómlætis og athafnaleysis. Samkvæmt stefnu var klæðningin keypt árið 2009 og borið hafi á göllum 2017 eða 2018. Hins vegar liggi ekkert fyrir um að stefnendur hafi haft samband við stefnda fyrr en árið 2023 vegna þessa. Þá byggir stefndi jafnframt á því að meintir ágallar hafi komið fram mun fyrr en stefnendur haldi fram. Stefndur hafi því glatað rétti sínum til bóta sökum tómlætis, hafi einhver grundvöllur til bóta verið til staðar, sbr. m.a. 27. gr. laga nr. 48/2003.
45. Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður vísar stefndi til þess varðandi varakröfu sína um lækkun kröfu stefnenda að skaðabótakrafa stefnenda sé ekki í neinu samhengi við þau viðskipti sem hafi átt sér stað milli málsaðila. Samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 52. gr. laga nr. 48/2003 komi skaðabætur vegna vanefnda aðeins til vegna tjóns sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar. Fyrir liggi að viðskipti milli málsaðila námu óverulegum fjárhæðum, eða 667.675 krónum. Því sé skaðabótakrafa stefnenda úr öllu samhengi við umfang viðskiptanna og ekki hægt að fallast á hana.

46. Stefndi byggir einnig á því að sú nálgun sem stefnendur beiti í kröfugerð sé röng og myndi leiða til þess að tjón þeirra yrði ofbætt. Þannig feli hún í sér óréttmæta auðgun þegar litið sé til þess að klæðningin hafi verið á fasteign stefnenda í 15 ár og þau haft afnot af henni í þann tíma. Yrði fallist á kröfur stefnenda eins og þær liggja fyrir yrði sú niðurstaða í andstöðu við meginreglur skaðabótaréttar um að tjónþoli skuli ekki hagnast fjárhagslega á tjóni sínu. Þá verði að taka tillit til þess að nýtt komi fyrir gamalt en samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar hafi bætur iðulega verið lækkaðar í slíkum tilfellum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 489/2006.
47. Þá byggir stefndi á því að stefnendur hafi ekki sinnt tjónstakmörkunarskyldu sinni samkvæmt 54. gr. laga nr. 48/2003. Í 1. mgr. ákvæðisins sé kveðið á um skyldu sammingsaðila til að takmarka tjón sitt og að vanræksla á þeirri skyldu leiði til þess að krafa falli niður. Fyrir liggja að stefnendur hafi ekki gripið til neinna ráðstafana árið 2017 þegar byrjað hafi að sjást á klæðningunni. Þá hafi þau sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki þegar haft samband við stefnda. Einnig virðist engar ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu stefnenda til að tryggja loftskipti á bak við klæðninguna til að koma í veg fyrir raka sem gæti valdið skemmdum á framhlið hennar. Þar sem stefnendur hafi ekki sinnt þessari skyldu sinni beri þau þann hluta tjónsins sem af því leiði. Það yrði að teljast afar ósanngjarnnt fyrir stefnda að bera allt tjón stefnenda þegar litið sé til allra atvika málsins, sbr. 2. mgr. 54. gr. laganna.
48. Verði stefndi ekki sýknaður að fullu er upphafsdegi dráttarvaxtakröfu stefnenda mótmælt og þess krafist að dráttarvextir leggist ekki á fyrr en frá uppsögu endanlegs dóms í málinu. Er vísað til þess að tjónsafleiðingar af meintum göllum séu ekki enn komnar fram og því hafi stefnendur ekki enn þurft að leggja í neinn kostnað vegna þeirra.
49. Í munnlegum málflutningi við aðalmeðferð málsins var af hálfu stefnda vísað nánar til þess vegna matsgerðar Gunnars Fannbergs Gunnarssonar, sem stefndi aflaði undir rekstri málsins eftir framlagningu greinargerðar sinnar, að hún varpaði öðru ljósi á málið og hnekkti fyrri matsgerð Stefáns Hallssonar í málinu, sérstaklega varðandi orsakasamband tjóns. Hún væri einnig áreiðanlegri þar sem fyrir lægi að sá fyrrnefndi matsmaðurinn hefði opnað klæðninguna við skoðun á tilteknum stöðum en sá síðarnefndi alls ekki. Fram hefði komið með þessari matsgerð sem stefndi hlutaðist til um að afla að lektabil í undirkerfi klæðningarinnar hefði verið 400 mm. og þannig í fullu samræmi við leiðbeiningar. Matsgerðin staðfesti hins vegar, einkum í 1. og 10. lið niðurstaðna, alvarlega ágalla á uppsetningu varðandi loftun undir klæðningu, sem væru á ábyrgð

stefnenda. Afleiðing þeirra væri sú að raki sem myndaðist undir klæðningunni næði ekki að loftast út heldur safnaðist fyrir með þeim afleiðingum að klæðningin drægi hann í sig og þendist út. Í því sambandi var af hálfu stefnda einnig vísað til leiðbeininga framleiðanda klæðningarinnar varðandi loftun og ábyrgðartakmörkun þar varðandi raka sem safnaðist fyrir undir klæðningu. Annað frávik sem matsgerðin leiddi í ljós og byggt væri á væri lengd brúnar klæðningar frá jörðu þar sem hún væri innan við þriðjung af lágmarkskröfu framleiðanda.

50. Í málflytningi af hálfu stefnda var andmælt sem of seint fram komnum, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, málsástæðum stefnenda sem byggðar væru á dómskjölum 20–22 í málinu, m.a. varðandi að klæðning hefði verið kynnt sem viðhaldsfrí. Einnig var um það vísað til ákvæða 1. mgr. 95. gr. sömu laga um að stefnendum hefði borið að leggja fram með stefnu skjöl sem vörðuðu málatilbúnað þeirra eða kröfur þeirra væru annars byggðar á. Af hálfu stefnda voru þá einnig gerðar athugasemdir við efni og tímasetningu auglýsinga og kynningarefnis á þessum dómskjölum, nánar tiltekið svo að ekki væri hægt að ráða með vissu tímasetningar þar. Færð voru fram sjónarmið um að líkur væru á að sum skjölin væru eldri en svo að þau gætu hafa talist verið í umferð eða kynningu á atvikatíma málsins.

### **Skýrslur fyrir dómi**

51. *Stefnandi Grímur Jóhann Ingólfsson* gaf aðilaskýrslu þar sem m.a. kom fram að hann og eiginkona hans, meðstefnandi, hefðu skoðað umrædda klæðningu þrisvar sinnum í verslun stefnda áður en þau ákváðu að kaupa hana. Þau hefðu fengið þær upplýsingar að klæðningin myndi þola íslenskar veðuraðstæður og að hún væri með 25 ára ábyrgð, líkt og einnig hefði komið fram í reikningi vegna kaupanna. Aldrei hefði komið fram af hálfu stefnda að þetta væri háð því að klæðningin fengi viðhald eða þá nánar hvaða viðhald. Ekki hefði heldur komið fram að mismunandi ábyrgð væri á efni og yfirborði klæðningarinnar, einungis framangreint um 25 ára ábyrgð á henni. Klæðningin hefði verið sett á húsið árið 2009, eftir kaup hennar. Það verk hefðu annast hann og bróðir hans heitinn en fram kom einnig að stefnandi væri húsgagnasmiður og bróðir hans heitinn hefði verið húsasmíðameistari. Aðspurður kvað hann þá hafa farið eftir leiðbeiningum um uppsetningu klæðningarinnar, m.a. um 400 mm. bil milli lekta, og að uppsetningin hefði ekki verið flókin. Leiðbeiningar á ensku um uppsetningu, með myndum, hefðu verið í hverjum pakka með klæðningarborðunum.

52. Fram kom að stefnandi Grímur Jóhann hefði fyrst tekið eftir göllum á klæðningunni fyrir um átta árum síðan, eða á árabílinu 2017–2018. Þá hefði klæðningin farið að bóligna og verpast, einkum neðst þar sem veðrið barði mest á henni, og yfirborðshúð hennar farið að flagna af. Þessa hefði sérstaklega gætt á þeirri hlið hússins sem austanátt lægi á. Fram kom einnig að hann hefði árið 2023 farið í verslun stefnda og upplýst um galla á klæðningunni þrátt fyrir 25 ára ábyrgð á henni en þá verið tjáð að engin vara hjá stefnda væri með 25 ára ábyrgð. Hann hefði þá framvísað reikningi vegna viðskiptanna og stefndi þá samþykkt að senda menn að skoða hana. Hann lýsti svo afstöðu stefnda eftir skoðunina með sama hætti og áður hefur komið fram um þau atvik.
53. Um ástæðu þess að stefnendur hefðu fyrst borið sig upp við stefnda vegna galla á klæðningunni árið 2023 eftir að gallar hefðu komið fram á henni 2017 eða 2018 bar stefnandi Grímur Jóhann svo að hann hefði ekki fundið nótuna vegna kaupanna fyrst í stað þrátt fyrir leit á þeim stöðum sem honum hefðu dottið í hug en upplýst stefnda um gallana um leið og nótan hefði komið í leitirnar. Hann hefði fram að því ekki talið sig geta gert neitt án gagna um kaupin og ábyrgðina. Fram kom nánar um það að hann hefði á endanum rekist á nótuna í kassa meðal gagna sem voru í geymslu í geymsluhúsnæði þar sem hann hefði oft verið búinn að flytja og umræddur kassi lent í þessari geymslu.
54. *Stefán Hallsson matsmaður* gaf vitnaskýrslu, staðfesti matsgerð sína og niðurstöður hennar og svaraði nánari spurningum þar um. Fram kom m.a. að við vettvangsskoðun hefðu sést greinilegar skemmdir og bungur á klæðningunni og skemmdir í yfirborði hennar. Aðspurður um loftun bak við klæðninguna kvaðst hann hafa kannað hana en bara sjónrænt og ekki séð greinilega loftun kringum glugga. Hann hefði ekki getað metið eða komist að sérstakri niðurstöðu um loftun að öðru leyti. Spurður af lögmanni stefnenda hvort hann hefði séð eitthvað sem benti til þess að loftun hefði verið ábótavant svaraði hann svo að hann hefði ekkert séð sem skýrði neitt sérstakt og skýrði það nánar svo síðar í skýrslu sinni að rétt skilið væri af því að hann teldi ólíklegt að atriði varðandi loftun hefðu haft þau áhrif á klæðninguna sem raun bæri vitni.
55. Fram kom í skýrslu matsmannsins að orsök ástands klæðningarinnar í dag mætti að mati hans rekja til þess, eins og lýst væri í niðurstöðum matsgerðar hans, að á álagshliðum væri yfirborðshúð farin af klæðningunni, sem hefði væntanlega gerst vegna veðurálags, þ.e. þrýstings og rigningar. Þannig hefði komist inn í klæðninguna regnvatn sem hefði orsakað þessa þenslu í borðum hennar. Hann gat þess þá einnig að tekið væri fram í

leiðbeiningum með klæðningunni að ekki mætti háþrýstipvo hana að utan heldur einungis skola af henni með vatni og garðslöngu. Það eitt og sér benti einnig til þess að klæðningin þyldi illa veðuraðstæður á Íslandi, þ.e. þrýsting í regni og slagregni.

56. Undir spurningum lögmanns stefnda staðfesti matsmaðurinn að hann hefði ekki opnað klæðninguna til að skoða undirkerfi og loftun og bar á sama hátt og áður um þau atriði. Nánar kom einnig fram að niðurstaða hans um að klæðningin hentaði illa fyrir íslenskar aðstæður lyti að sjálfu efni hennar og vísaði hann þar á ný til framangreindra niðurstaðna sinna. Vel sæist á álagshliðum hússins að yfirborðshúð klæðningarinnar væri farin af og þá ætti vatn greiða leið inn í klæðninguna, sem ylli þenslu, enda væru þær hliðar hússins greinilega skemmdar. Að hans mati hefði komið vatn utan frá og orsakað skemmdir á klæðningunni, það væri líklegasta ástæðan og ekki miklar líkur á að vatnið hefði komið innan frá. Um það vísaði hann einnig til þess að sambærilegar skemmdir hefðu ekki sést á öðrum hliðum hússins þar sem minna veðurálag væri.
57. Matsmaðurinn var spurður af sérfróðum meðdómsmanni hvort hann hefði kynnt sér við skoðun á klæðningunni vegna matsins hvernig botnlisti, þ.e. flugna- eða músanet, við neðri brún klæðningarinnar væri og kvaðst hann hafa farið með hönd þar undir og ekki fundið að listinn væri gataður. Hann tók þá aftur fram að hann hefði ekki opnað klæðninguna að neinu leyti við skoðunina. Varðandi frágang loftunar klæðningar við efri brún klæðningar, undir þakskeggi, gaf matsmaðurinn þau svör að einungis hefði verið um sjónskoðun að ræða og hann ekki séð sérstakar ráðstafanir, svo sem áfellur, vegna loftunar þar.
58. *Gunnar Fannberg Gunnarsson matsmaður* gaf vitnaskýrslu gegnum fjarfundarbúnað, staðfesti matsgerð sína og niðurstöður hennar og svaraði nánari spurningum þar um. Fram kom m.a. að hann hefði opnað klæðninguna á nokkrum stöðum þar sem væru sýnilegar skemmdir á henni til að skoða frágang varðandi uppsetningu hennar. Spurður um loftun bak við klæðninguna lýsti hann því að ekki væri krossloftun kringum glugga og hurðir. Frágangur á þeim stöðum væri nánar þannig að undirgrindin lokaði loftvegum og þar væri því ekki hreyfing eða flæði á lofti bak við klæðninguna. Spurður um áhrif þess svaraði hann svo að þegar raki myndaðist, þá loftaðist hann ekki út. Það gæti leitt til skemmda og styttri endingartíma klæðningar. Spurður hvort skemmdir á klæðningunni væri að rekja til galla í henni sjálfri eða uppsetningar hennar svaraði hann svo að miðað við skoðun hans væru skemmdir bara sýnilegar á svæðum þar sem loftun virtist

ekki fullnægjandi en aðrir hlutar klæðningarinnar væru í lagi og hann teldi að ef kross-loftun hefði verið fyrir hendi eða aðrar útfærslur á loftun, í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, hefðu skemmdir ekki komið svona fram. Fram kom einnig að hann teldi lokun við gluggana vera meginorsök skemmda á henni samkvæmt framangreindu en ekki önnur atriði varðandi frágang klæðningarinnar, svo sem bil frá neðri brún hennar að pallinum kringum húsið.

59. Matsmaðurinn var einnig spurður um atriði varðandi viðhald klæðningarinnar og upplýsingar í matsgerð um að því hefði ekki verið sinnt og svaraði hann því á sama hátt og fram kemur í matsgerð, þar á meðal svo að ekki væri að sjá að hún hefði fengið sérstakt viðhald. Hann tók þá einnig fram að ekkert væri til sem væri fullkomlega viðhaldsfrítt. Skortur á yfirborðsmeðhöndlun og almennu viðhaldi klæðningarinnar hefði þannig ásamt skorti á loftun verið orsök skemmda á henni.
60. Undir spurningum lögmanns stefnenda var matsmaðurinn spurður hvort hann hefði vitað af því að klæðningin hefði verið seld með 25 ára ábyrgð og kvaðst hann ráma í að rætt hafi verið um það. Fram kom að staðhæfing í matsgerð hans um skort á skordýraneti við neðri brún klæðningar hefði verið misritun og að slíkt net hefði verið til staðar. Hann staðfesti þá einnig að það mat sitt að frávík frá leiðbeiningum við uppsetningu klæðningarinnar, sem annars hefði í meginatriðum verið sett upp samkvæmt þeim, hefði falist í frágangi kringum glugga í undirkerfi klæðningarinnar þar sem vantað hefði loftun en frágangur og uppsetning verið í lagi að flestu öðru leyti sem á annað borð hefði komið til skoðunar við matið. Þegar undir hann var borið að klæðningin væri skemmd á öðrum stöðum líka, þ.e. ekki bara kringum glugga og hurðir, kvaðst hann ekki sammála því. Það hefði ekki verið þannig þegar hann skoðaði klæðninguna og opnaði hana kringum glugga, þ.e. að ekki hefðu verið sjáanlegar á öðrum stöðum klæðningarinnar ámóta skemmdir og við glugga. Hann svaraði líka nánar spurningum varðandi sjónarmið í matsgerð um skort á viðhaldi klæðningarinnar, á svipaðan hátt og fyrr í skýrslu sinni og fram kemur í matsgerðinni, m.a. svo að meginorsök skemmdanna væri skortur á loftun. Hann var þá m.a. spurður hvort hann hefði vitað af því að klæðningar af þessari tegund hefðu verið auglýstar sem viðhaldsfríar. Hann ítrekaði þá að hann teldi að ekkert væri til sem væri viðhaldsfrítt en hann hefði annars ekki kynnt sér sérstaklega þessa tegund klæðningar almennt eða á hvaða forsendum hún væri seld. Matsmaður var einnig spurður að því hvort verið gæti að orsök rakaskemmda á klæðningunni væri ekki ónóg loftun undir klæðningunni heldur vatn sem komist hefði inn í klæðninguna utan frá gegnum

yfirborðshúð og svaraði hann því svo að ef sú hefði verið raunin hefði hann átt von á að sjá víðtækari skemmdir á klæðningunni en ekki bara á svæði kringum glugga. Hann teldi því ástæðu skemmdanna fremur þá fyrrnefndu, þ.e. ónóga loftun bak við klæðninguna í kringum glugga.

61. Í svörum matsmannsins við spurningum sérfróðs meðdómsmanns kom m.a. fram nánar að skoðun hans á frágangi undirkerfis klæðningarinnar kringum glugga benti til þess að það loftaði þar með gluggum til hliðanna en ekki ofan og neðan þeirra. Hann var þá spurður hvort einhverjar skemmdir hefðu verið á klæðningunni ofan við glugga og svaraði því neitandi, eftir því sem hann myndi hefðu skemmdir þar bara verið neðst niðri, þ.e. undir gluggum, a.m.k. meira áberandi þar en annars staðar.

### **Forsendur og niðurstaða**

62. Í málinu er til úrlausnar krafa stefnenda um að stefnda verði gert að greiða þeim skaðabætur vegna galla á utanhússklæðningu sem þau keyptu af stefnda. Óumdeilt er milli aðila, og einnig í samræmi við álit beggja dómkvaddra matsmanna í málinu, að klæðningin er skemmd vegna raka, einkum á tilteknum stöðum, en deilt er um orsakir þess. Í meginatriðum halda stefnendur því fram að klæðningin sjálf hafi verið gölluð. Stefndi byggir á því að svo hafi ekki verið heldur verði skemmdir á henni raktar til atvika sem stefnendur sjálf beri ábyrgð á, nánar tiltekið rangrar uppsetningar og frágangs hennar, einkum kringum glugga og hurðir, og vanrækslu á eðlilegu viðhaldi hennar.
63. Um lögskipti aðila eiga við ákvæði laga nr. 48/2003, um neytendakaup, og hefur það ekki sætt ágreiningi í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna telst söluhlutur vera gallaður, m.a. ef hann er ekki í samræmi við kröfur sem koma fram í 15. gr. laganna, sbr. a-lið 1. mgr. 16. gr., og ef hann svarar ekki til upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Í málinu byggja stefnendur á a–c-lið og f-lið 2. mgr. 15. gr., svo sem nánar hefur verið rakið, varðandi galla á klæðningunni, auk áðurnefnds c-liðar 1. mgr. 16. gr.
64. Í reikningi stefnda til stefnanda Gríms Jóhanns 20. febrúar 2009 vegna kaupanna, sem stefnendur lögðu fram með stefnu og ekki hefur verið sérstaklega deilt um í málinu, er prentað við lið reikningsins vegna umræddrar klæðningar: „25ára ÁBYRGÐ“. Þá ábyrgðaryfirlýsingu verður að telja skýra og ótvíræða og jafnframt fyrirvaralaus. Það er

einnig í samræmi við framburð stefnanda Gríms Jóhanns um sömu atriði í aðilaskýrslu hans í málinu sem áður var rakin nánar. Í málinu liggja ekki fyrir önnur samtímagögn varðandi viðskipti aðila um klæðninguna og ekki aðrir framburðir en áður nefnd aðilaskýrsla. Samkvæmt þessu verður lagt til grundvallar í málinu að stefndi hafi við kaupin kynnt fyrir stefnendum og lofað þeim 25 ára ábyrgð á klæðningunni og enga fyrirvara gert samhliða þeirri ábyrgðaryfirlýsingu.

65. Í málinu hafa stefnendur m.a. byggt á því að klæðningin hafi verið gölluð í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga þar sem hún hafi verið markaðssett þannig að hún hentaði sérstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður og ekki átt að þarfnast verulegs viðhalds. Stefnendur hafa á sama hátt vísað til þess að stefndi hafi auglýst að klæðningin hefði sérstaklega góðan endingartíma. Klæðningin hafi hins vegar ekki reynst hafa þá eiginleika sem stefndi gaf í skyn að hún hefði við markaðssetningu hennar. Í greinargerð stefnda var þessum málsástæðum stefnanda sérstaklega andmælt með vísan til þess að þær væru engum gögnum studdar og þeim mótmælt sem röngum og ósönnuðum en sams konar andmæli voru raunar einnig sett fram í greinargerðinni um málsástæðu stefnanda um 25 ára ábyrgð stefnda á klæðningunni.
66. Undir rekstri málsins aflaði stefndi matsgerðar Gunnars Fannbergs Gunnarssonar. Í sama þinghaldi og hún var lögð fram lögðu stefnendur fram nokkur frekari gögn sem snerta einkum markaðsefni og auglýsingar frá stefnda varðandi umrædda klæðningu. Engar athugasemdir voru bókaðar af hálfu stefnda við framlagningu gagnanna, sem auk þess voru að nokkru leyti viðbrögð við málatilbúnaði stefnda í greinargerð samkvæmt framangreindu. Við flutning málsins var lýst athugasemdum stefnda við framlagningu þessara gagna og mótmælum við málsástæðum stefnanda sem grundvallaðar væru á þeim, einkum varðandi það að klæðningin hefði verið kynnt sem „viðhaldsfrí“, þar sem gögnin hefðu ekki verið lögð fram með stefnu og málsástæður sem þeim væri ætlað að styðja hefðu ekki komið fram þar.
67. Vegna framangreindra mótmæla stefnda er til þess að líta að í stefnu er ekki byggt berum orðum á því að klæðningin hafi verið „viðhaldsfrí“ heldur eru málsástæður sem þar koma fram varðandi viðhald klæðningarinnar orðaðar með þeim hætti sem áður greindi og ganga skemmra en felst í þessu orði. Umfjöllun og niðurstöður í matsgerð Gunnars Fannbergs Gunnarssonar, sem fyrst lá fyrir um sama leyti og stefnendur lögðu áður nefnd gögn fram, varða m.a. skort á viðhaldi klæðningarinnar og áhrif þess atriðis vegna skemmda á henni. Að gættu því sem rakið hefur verið hér á undan verður hvorki fallist á

með stefnda að málsástæður stefnenda sem þetta snerta, eins og þær koma í reynd fram í stefnu, séu of seint fram komnar né að réttmætar athugasemdir verði gerðar við áðurnefnda gagnaframlagningu af hálfu stefnenda undir rekstri málsins. Auk þess má nefna í þessu sambandi að endanlegur máltilbúnaður stefnda sjálfs eins og hann kom fram í málflutningi við aðalmeðferð bar að hluta til með sér að hafa tekið vissum aðlögunum frá því sem fram kom í greinargerð hans, þ.e. áður en síðastnefnd matsgerð sem stefndi aflaði var lögð fram, og þá nánar tiltekið í átt að efni og niðurstöðum matsgerðarinnar varðandi skort á viðhaldi klæðningarinnar.

68. Með matsgerð Stefáns Hallssonar, sem stefnendur öfluðu og áður hefur verið rakin í aðalatriðum, hafa stefnendur að mati dómsins rennt frekari stoðum undir staðhæfingar sínar um að klæðningin hafi verið gölluð, nánar tiltekið að meginstefnu svo að orsakir skemmda á henni verði raktar til utanaðkomandi raka vegna veðurs, þ.e. rigningar og vinds, sem komist hafi inn í efni hennar og náð að safnast þar upp af þeirri ástæðu að yfirborðshúð klæðningarinnar þyldi ekki nægilega veðurálag við íslenskar aðstæður og hafi því rýrnað og skemmst.
69. Gegn þessu byggir stefndi á að klæðningin hafi verið ógölluð og ástand hennar nú sé í samræmi við það sem búast hefði mátt við í ljósi þess annars vegar hvernig frágangi og uppsetningu hennar hafi verið háttað og hins vegar vegna vanrækslu stefnenda á viðhaldi klæðningarinnar, þ.e. í báðum tilvikum vegna atvika sem stefnda verði ekki kennt um heldur séu á ábyrgð stefnenda. Stefndi byggir þær varnir sínar ekki síst á matsgerð Gunnars Fannbergs Gunnarssonar og niðurstöðum hennar, svo sem nánar er vikið að hér á eftir.

#### *Frágangur og uppsetning klæðningar*

70. Eins og málið liggur endanlega fyrir dóminum, m.a. í ljósi nánari eða leiðréttra upplýsinga sem komið hafa fram undir rekstri málsins, má telja ljóst að ekki hafi þýðingu í málinu sum þau atriði sem stefndi byggði á með öðru í greinargerð varðandi annmarka á uppsetningu og frágangi klæðningarinnar og hafnar dómurinn því um leið að þau fái stutt kröfur og máltilbúnað stefnda. Í ljósi umfjöllunar og niðurstaðna beggja matsgerða og framburða matsmanna, sem og með hliðsjón af atriðum sem komu fram við vettvangsgöngu dómenda og megináherslum í málflutningi af hálfu stefnda við aðalmeðferð málsins, þykir þannig nánar komið þar fram í fyrsta lagi að bil milli lekta í undirkerfi klæðningarinnar hafi verið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, í öðru

lagi að bil frá neðri brún klæðningarinnar niður til jarðar (palls við húsið) hafi ekki þýðingu við úrlausn ágreinings í málinu, í þriðja lagi að hið sama eigi við um frágang klæðningar að neðanverðu þar sem þar hafi verið músa- eða skordýranet en ekki heill og þéttur listi eða annars konar lokun og í fjórða lagi að sama gildi um atriði varðandi frágang innhornaalista sem hvorki matsgerðir né málatilbúnaður stefnda á síðari stigum ætla sérstaka þýðingu eða fá stutt í þessu sambandi.

71. Verður þá vikið að eftirstandandi málsástæðu stefnda varðandi frágang og uppsetningu klæðningarinnar og loftskipti bak við hana, þ.e. um skort á loftun í undirgrind klæðningarinnar kringum glugga og hurðir. Í því sambandi skal nefnt að röksemdir og málflutningur stefnda, sem og matsgerð Gunnars Fannbergs Gunnarssonar, hefur fyrst og fremst varðað glugga og í reynd takmarkað eða ekki verið fjallað um hurðir í þessu sambandi. Stefndi byggir hér fyrst og fremst á niðurstöðum matsgerðar Gunnars Fannbergs, sem áður var lýst og vísast hér nánar til þess. Matsmenn eru á einu máli um það, og óumdeilt í málinu, að klæðningin er a.m.k. að hluta til skemmd vegna raka. Úrlausn þessa atriðis veltur þannig á því hverja telja verði orsök þess að raki hafi komist að og setið í efni klæðningarinnar í því umfangi að hún skemmdist á þann hátt sem matsgerðirnar lýsa.
72. Á milli aðila er sá meginágreiningur hvað þetta varðar að stefnendur telja rakann hafa komið utan frá, og skemmt klæðninguna víðar en kringum glugga, en stefndi telur að hann hafi komið innan frá, vegna ónógrar loftunar kringum glugga, og skemmdir á klæðningunni takmarkist við svæði kringum þá. Á milli matsgerða í málinu er í aðalatriðum sami munur. Samkvæmt 2. mgr. 66. gr. laga nr. 91/1991 metur dómari sönnunargildi matsgerða en í því felst m.a. að skera úr milli hliðsettra matsgerða ef og að því leyti sem þær greinir á.
73. Í matsgerð Stefáns Hallssonar er afdráttarlaust talið að utanaðkomandi raki, þ.e. regn og einkum þá í miklum vindi, hafi valdið skemmdum á klæðningunni, eins og nánar hefur verið rakið. Í matsgerð Gunnars Fannbergs Gunnarssonar er ekki tekin bein afstaða til mögulegra áhrifa utanaðkomandi raka, enda var það ekki meðal matsspurninga þar, og orsökkin talin önnur í matsgerðinni. Í skýrslu sinni svaraði hann spurningu um hvort utanaðkomandi raki hefði verið möguleg orsök á þá leið sem áður greindi, þ.e. að ónóg loftun í undirkerfi klæðningarinnar væri fremur orsökkin að hans mati og vísaði þá til þess að hann hefði ella átt von á að sjá samsvarandi skemmdir annars staðar á klæðningunni en kringum glugga. Að mati dómsins verður ekki fallist á að skemmdir á klæðningunni séu svo þýðingu hafi, og á þann hátt að stutt gæti þessa málsástæðu stefnda, takmarkaðar

við svæði kringum glugga á húsinu. Í matsgerð Stefáns Hallssonar er getið um greinilegar bungur á klæðningu, sérstaklega á austur- og vesturhliðum, og þetta sé áberandi á austurhlið undir gluggum en skemmdunum annars ekki lýst svo að þær afmarkist sérstaklega við glugga. Þá kemur fram að minna sé um skemmdir á suðurhlið hússins. Af því sem fram kom og skoðað var í vettvangsgöngu dómenda verður þessi röksemd stefnda heldur ekki talin sannfærandi eða lýsandi fyrir ástand klæðningarinnar á heildina litið. Einkum verður þó hér að horfa til þess að hvorugur matsmanna lýsti sérstökum skemmdum á klæðningunni ofan við glugga, þar á meðal ekki Gunnar Fannberg þegar hann var spurður um það atriði í skýrslu sinni. Að mati dómsins mælir það eindregið gegn þessari málsástæðu stefnda og um leið niðurstöðu matsgerðar Gunnars Fannbergs að þessu leyti enda verður að ætla að raki sem einungis skýrðist af ónógum loftskiptum einum og sér innan klæðningarinnar hefði sömu eða svipuð áhrif ofan og neðan glugga. Í sömu átt þykir benda að þær skemmdir á klæðningunni sem liggja fyrir, bæði bungur vegna raka og veðrun eða rof yfirborðshúðar, hafi aðallega komið fram á þeim hliðum hússins þar sem veðurálag mun alla jafna vera mest. Það má telja benda til þess að utanaðkomandi kraftar hafi a.m.k. mun fremur haft áhrif á klæðninguna á þann hátt sem málið varðar heldur en sú ástæða sem stefndi byggir hér á, enda mætti hér annars á svipaðan hátt og áður ætla að ástand klæðningar kringum glugga væri þá sambærilegt að þessu leyti, óháð afstöðu glugganna og viðkomandi hliða hússins til veðurs og vinda. Samkvæmt framangreindu verður hafnað málsástæðu stefnda um að þær skemmdir í klæðningunni sem liggja fyrir verði raktar til raka sem safnast hafi fyrir vegna ónógrar loftunar í undirkerfi klæðningarinnar kringum glugga og eftir atvikum hurðir. Um leið verður að fallast á og telja sannað að uppruni raka sem leiddi til skemmda á klæðningunni hafi að öllu því leyti sem þýðingu getur haft verið utanaðkomandi, þ.e. með regni og vindi, líkt og stefnendur byggja á og matsgerð Stefáns Hallssonar styður. Verður það lagt til grundvallar við úrlausn málsins.

#### *Viðhald klæðningar*

74. Þá kemur til skoðunar málsástæða stefnda varðandi skort á viðhaldi klæðningarinnar og áhrif þess. Í matsgerð Stefáns Hallssonar er eins og áður greindi lýst skemmdum á yfirborðshúð klæðningarinnar vegna veðrunar á austur- og norðurhliðum. Þeim er nánar lýst svo að greinilegt sé að yfirborðshúð sé farin að skemmast og flagna af, sérstaklega á álagshliðum, þ.e. austur- og norðurhliðum. Dregin er sú ályktun að Canoxel-klæðning

þoli illa slagregn. Í matsgerð Gunnars Fannbergs Gunnarssonar er því sömuleiðis lýst að sjá megi flögnun á málningu á ysta lagi klæðningar og það rakið til þess að ysta byrði klæðningar hafi ekki verið yfirborðsmeðhöndlað, án þess að fram komi nánar til hvers konar yfirborðsmeðhöndlunar sé þá vísað til. Einnig segir þar að ysta byrði klæðningar sé veðrað að því marki að málning hafi flagnað af.

75. Í ljósi þessa verður að telja fram komið í málinu út af fyrir sig að yfirborðshúð klæðningarinnar sé rofin eða skemmd enda hefur ekki verið deilt um það sérstaklega á síðari stigum málsins eftir framlagningu matsgerðanna. Aðila greinir hér hins vegar á um orsakir þessara skemmda á yfirborðshúð klæðningarinnar. Stefnendur byggja þar sem fyrir á því að klæðningin hafi að þessu leyti verið gölluð frá upphafi og yfirborðshúðin ekki enst eins og þau máttu vænta. Málsástæðu stefnda sem hér um ræðir verður hins vegar að skilja svo að hann byggi á því að þessar skemmdir á yfirborðshúðinni verði raktar til ófullnægjandi viðhalds eða vanrækslu á viðhaldi yfirborðshúðar klæðningarinnar hjá stefnendum sjálfum.
76. Dómurinn hefur þegar slegið því föstu að stefndi hafi við kaup stefnenda á klæðningunni kynnt og veitt þeim 25 ára ábyrgð á henni án sérstakra fyrirvara, þar á meðal ekki varðandi viðhald hennar, og liggja ekki önnur gögn fyrir í málinu sem snerta með beinum hætti kaup stefnenda á þessari klæðningu.
77. Stefnendur hafa einnig lagt fram í málinu þau gögn sem áður greindi um markaðsefni og auglýsingar frá stefnda um Canixel-utanhússklæðninguna en líkt og áður kom fram hefur dómurinn hafnað andmælum stefnda varðandi þau og málsástæður stefnenda sem þau varða. Á meðal þessara gagna er afrit af bæklingi, eða síðum úr bæklingi, með leiðbeiningum um uppsetningu klæðningarinnar. Í honum segir m.a. í undirfyrirsögn „Viður án viðhalds“ og þar fyrir neðan „25 ára ábyrgð“, auk þess sem fram kemur að klæðningin sé „án alls viðhalds venjulegra viðarklæðninga“. Einnig eru meðal þessara gagna útprentanir af vefsíðunni vefsafn.is sem sýna upplýsingaefni af vefsíðu stefnda frá ýmsum tímum um Canixel-klæðninguna, yfirleitt þá með sama eða svipuðu orðalagi og á sömu leið og í umræddum bæklingi, m.a. um ábyrgð „í allt að 25 ár“ og áherslu á að klæðningin krefjist ekki viðhalds eða sé „án alls viðhalds“ samanborið við „venjulegar viðarklæðningar“. Einnig er þar staðhæft að „fátt [sé] sterkara og [þoli] móður náttúru betur en [Canixel] utanhússklæðning“.
78. Enda þótt ekki verði ráðið skýrlega eða ótvírætt af þessum gögnum frá hvaða tíma eða árabili efni í þeim stafar er óumdeilt í málinu að efni þeirra kemur frá stefnda og ljóst að

Það felur í sér opinbera kynningu á klæðningu sömu tegundar og um ræðir í málinu. Í því sambandi kom m.a. í máli lögmanns stefnda við aðalmeðferð málsins að klæðning af þessari gerð hefði verið seld hér á landi um áratugaskeið, eða frá árinu 1980, og verið sett á um 4000 hús á landinu. Því hefur heldur ekki verið borið við í málinu að markverðar breytingar hafi orðið á klæðningunni sjálfri eða öðru sem þýðingu gæti haft í málinu varðandi eiginleika hennar, uppsetningu eða viðhald. Samkvæmt þessu verður lagt til grundvallar að stefndi hafi í markaðssetningu á klæðningunni eða á annan hátt veitt þær upplýsingar um hana sem þessi gögn hafa að geyma, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. neytenda-kaupalaga. Af því leiðir m.a. að stefndi verður að axla sönnunarbyrði fyrir því í málinu að aðrar og réttari upplýsingar hafi verið gefnar stefnendum við kaupin eða að viðkomandi upplýsingar hafi ekki haft áhrif á kaupin.

79. Einnig verður að horfa til þess hér að upplýsingar sem raktar hafa verið úr framan- greindum gögnum samræmast því sem stefnendur hafa lagt fram eða haldið fram í þessu máli varðandi kynningu stefnda á klæðningunni gagnvart þeim við kaupin og má þar vísa aftur til áðurnefnds reiknings fyrir kaupunum og aðilaskýrslu stefnanda Gríms Jóhanns.
80. Til stuðnings málsástæðu sinni um vanrækslu eða skort stefnenda á viðhaldi á klæðningunni hefur stefndi einkum vísað til framlagðs skjals síns sem ber með sér að vera, og hefur ekki verið sérstaklega deilt um að sé, leiðbeiningablað sem mun hafa fylgt hverjum pakka af Canoxel-klæðningunni. Skjalið er ein blaðsíða, með enskum texta og skýringarmyndum, og ber yfirskriftina „Installation Instructions – Ridgewood D-5/Ultra Plank – Pre-Finished Lap Sliding“. Undir þeirri yfirskrift kemur fram á ensku „LIMITED WARRANTIES – Finish: 15 years – Board: 25 years“ eða á íslensku, sbr. 1. málslið 3. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991, að takmörkuð ábyrgð sé veitt á yfirborði eða lakki í 15 ár en á efnisborðunum sjálfum í 25 ár. Nánar vísaði stefndi hér annars vegar til þessarar takmörkuðu ábyrgðaryfirlýsingar og hins vegar til frekari takmarkana á henni í megin- máli skjalsins vegna annars vegar rakabreytinga og hins vegar áskilnaðar um árleg þrif klæðningar.
81. Ekki er fallist á að þessum röksemdum stefnda verði ætluð þýðing í málinu andspænis öðru sem hér liggur fyrir um atvik samkvæmt ofangreindu. Í fyrsta lagi verður að leggja til grundvallar að ósannað sé að nánari takmörkun ábyrgðar í 15 ár á yfirborði og 25 ár á efni klæðningarinnar hafi verið kynnt eða annars áskilin gagnvart stefnendum við kaupin enda liggur það eitt fyrir þar að stefndi hafi kynnt og veitt 25 ára ábyrgð á klæðningunni án sérstakra frekari takmarkana eða fyrirvara. Að auki verður að miða við að skemmdir

á yfirborði klæðningarinnar hafi hvað sem öðru kann að líða komið fram innan 15 ára frá kaupum klæðningarinnar í febrúar 2009, hvort heldur miðað er við frásögn stefnenda sjálfra um hvenær þau urðu fyrst vör við gallana eða það tímamark sumar eða haust 2023 þegar óumdeilt er að þau upplýstu stefnda um galla á klæðningunni og fulltrúar hans skoðuðu hana. Í öðru lagi er ekki fallist á, óháð framangreindu, að skírskotanir stefnda til frekari takmörkunar ábyrgðar í meginmáli skjalsins gætu átt hér við efnislega. Þar horfir dómurinn til þess annars vegar að texti í skjalinu um takmörkun ábyrgðar vegna rakabreytinga lýtur orðum sínum samkvæmt að rakauppsöfnun innan klæðningarinnar (e. „within the walls“) sem hafnað hefur verið hér á undan að byggt verði á í málinu. Hins vegar er orðalag skjalsins varðandi viðhald klæðningar og árleg þrif þannig að í upphafi er tekið fram að allar Canixel-klæðningar séu endingargóðar og þurfi lítið viðhald (e. „long wearing and require little maintenance“). Í beinu framhaldi segir síðan að fyrir bestu niðurstöður verði („MUST“) klæðningin að vera þrífín árlega með nánar tilgreindum hætti. Að mati dómsins verður að telja ljóst af samhengi og orðalagi þessara tilmæla að þau verði ekki skilin svo að um eiginlega ábyrgðartakmörkun sé að ræða, a.m.k. ekki svo þýðingu hafi vegna ágreinings aðila í þessu máli og gagnvart öðru sem fram er komið í málinu.

82. Í matsgerð Stefáns Hallssonar er sem fyrr greindi gengið út frá að niðurbrot yfirborðshúðar klæðningarinnar hafi orsakast af því að það þyldi ekki íslenskar veður- aðstæður, einkum þá slagregn á álagshliðum húsa. Í matsgerð Gunnars Fannbergs Gunnarssonar virðist orsök hins sama rakin til ófullnægjandi viðhalds klæðningarinnar, án þess að skýrlega komi um leið fram í hverju það viðhald ætti þá að hafa falist eða á hvaða grundvelli, svo sem samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, stefnendum verði talið hafa verið rétt og skylt að sinna því, og þá að því marki að annað yrði talið vanræksla á viðhaldi af þeirra hálfu. Um þetta virðist einungis skírskotað til skoðunar á staðnum, yfirferðar gagna og samtals við ótilgreindan söluaðila klæðningar um að þörf væri á yfirborðsmeðhöndlun til að loka ysta lagi klæðningar svo hindra mætti að vatn eða raki kæm- ist inn í klæðningu. Svör matsmannsins við spurningum varðandi þetta í skýrslu hans fyrir dómi verða ekki skilin svo að þau hafi falið í sér skýrari upplýsingar að þessu leyti.
83. Á hinn bóginn liggur þar fyrir samkvæmt framangreindu að ekkert haldbært hefur komið fram í málinu um að stefnendur hafi í reynd fengið slíkar upplýsingar frá stefnda, eða aðrar á móta varðandi nauðsyn á viðhaldi klæðningarinnar. Um leið er ljóst að seljandi hefur kynnt og markaðssett klæðninguna opinberlega á þann hátt að hún þyrfti ekki

viðhald. Af hinu sama leiðir, og þá einnig með hliðsjón af aðilaskýrslu stefnanda Gríms Jóhanns, að stefndi hefur ekki axlað sönnunarbyrði sína samkvæmt c-lið 1. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga. Hér má að auki að horfa til þess að á áðurnefndu leiðbeiningablaði sem stefndi lagði fram kemur skýrlega fram í yfirskrift að klæðningin sé seld með yfirborðsmeðhöndlun (e. „Pre-Finished“) og að þar er veitt 15 ára ábyrgð á þeirri yfirborðsmeðhöndlun, án þess að í meginmáli leiðbeiningablaðsins komi nokkuð frekar fram um að halda þurfi henni við með sérstökum hætti svo takmörkun ábyrgðar kunni að varða. Þar á meðal er þar ekki getið um að mála þurfi klæðninguna í þessu skyni.

84. Hér verður einnig að hafna almennum sjónarmiðum eða röksemdum sem komið hafa fram af hálfu stefnda, og í skýrslu matsmannsins Gunnars Fannberg fyrir dómi, um að ekkert sé í reynd alveg viðhaldsfrítt, og þá óháð því hvort slík sjónarmið mætti annars til sanns vegar færa almennt séð. Hvað sem því líður verður þannig að telja ósannað í málinu samkvæmt öllu framangreindu að stefndi hafi komið slíkum sjónarmiðum á framfæri við stefnendur í tengslum við kaup þeirra eða almennt í kynningu sinni á klæðningunni og raunar öðru nær, eins og rakið hefur verið.
85. Hvað varðar ágreining aðila um galla á klæðningunni og orsök þeirra má loks að vissu leyti hafa hliðsjón af þeim dómum sem fallið hafa í fyrri bótamálum gegn stefnda varðandi klæðningu af sömu tegund og sem vísað hefur verið nánar til. Um er að ræða bæði dóma æðri dómstóla og héraðsdóma sem orðið hafa endanlegir, þar á meðal dóma frá síðustu árum. Ekki verður annað séð en að í þeim hafi verið tekist á um, og leyst úr, sömu eða sams konar málsástæðum og fram hafa verið bornar í þessu máli og í öllum tilvikum þannig að fallist hefur verið á rétt stefnenda til bóta vegna galla á viðkomandi klæðningu. Vissulega má þar horfa til þess að tiltekna málsástæður, svo sem varðandi uppsetningu og frágang klæðningar, hljóti eðli máls samkvæmt að vera eða geta verið háðar atvikum í viðkomandi máli hverju sinni og að leysa þurfi úr þeim sérstaklega, svo sem gert hefur verið hér á undan. Um leið verður þó að líta svo á að fyrir liggi skýr og ótvíræð dómaframkvæmd um ýmis önnur og almennari atriði sem þýðingu hafa haft í þessu máli og fyrri gallamálum varðandi þessa tegund klæðningar, svo sem um markaðssetningu stefnda á umræddri klæðningu varðandi 25 ára ábyrgð eða allt að 25 ára ábyrgð á henni og að hún krefðist ekki sérstaks viðhalds.
86. Með vísan til forsendna dómsins hér á undan er þannig hafnað málsástæðu stefnda um að skortur á viðhaldi af hálfu stefnenda hafi leitt af sér þær skemmdir á yfirborðshúð klæðningarinnar sem orðið hafa. Þess í stað verður lagt til grundvallar, í samræmi við

það sem stefnendur byggja á og niðurstöðu í matsgerð Stefáns Hallssonar um þetta atriði, að yfirborðshúðin hafi skemmt vegna veðurálags á þeim tíma sem liðið hefur frá uppsetningu klæðningarinnar og að þannig hafi raki komist inn í klæðninguna og valdið skemmdum á henni.

*Niðurstæða um galla og bótaábyrgð. Sýknukrafa stefnda vegna tómlætis*

87. Að öllu framangreindu virtu teljast stefnendur hafa fært sönnur á að gallar hafi verið á Canoxel-klæðningunni sem þau keyptu af stefnda. Nánar telst þá klæðningin ekki hafa haft þá eiginleika til að bera sem stefnendur máttu vænta við kaupin að því er varðaði endingu hennar, sbr. a-lið 1. mgr. 16. gr. og b-lið 2. mgr. 15. gr. neytendakaupalaga, og ekki hafa svarað til upplýsinga sem stefndi hafði gefið um klæðninguna og eiginleika hennar við markaðssetningu og á annan hátt, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga.
88. Stefndi byggir loks sýknukröfu sína á því að stefnendur hafi sýnt af sér tómlæti á þann hátt sem fram hefur komið í umfjöllun um málatilbúnað hans og samkvæmt 27. gr. neytendakaupalaga séu hugsanlegar kröfur þeirra á hendur stefnda þannig fallnar niður. Þeirri málsástæðu stefnda er hafnað með vísan til forsendna dómsins hér á undan og ákvæðis 3. málslíðar 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga enda telst liggja fyrir í málinu að stefndi hafi veitt stefnendum áður nefnda yfirlýsingu um ábyrgð á klæðningunni í 25 ár.
89. Stefndi ber ábyrgð gagnvart stefnendum á þeim göllum sem voru á klæðningunni og eiga þau rétt á skaðabótum frá honum vegna tjóns sem þau hafa beðið vegna þeirra, enda voru gallarnir hvorki sök stefnenda né komu þeir til vegna aðstæðna sem vörðuðu þau, sbr. e-lið 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 33. gr. neytendakaupalaga. Af forsendum dómsins sem raktar hafa verið telst að öðru leyti fram komið að skilyrði bótaábyrgðar, svo sem um orsakatengsl, eru uppfyllt í málinu.

*Ákvörðun skaðabóta. Varakrafa stefnda um lækkun skaðabóta*

90. Stefnendur hafa með matsgerð Stefáns Hallssonar stutt nánar í hverju tjón þeirra felst. Í matsgerðinni kemur fram að ekki sé unnt að gera við klæðninguna þar sem hún hafi ekki það veðrunarþol sem íslenskar aðstæður krefjast og sami galli muni koma aftur upp verði sams konar klæðning notuð aftur. Lagt er til að Canoxel-klæðningin verði fjarlægð af húsinu og ný gagnvarin viðarklæðning sett í staðinn. Í matsgerðinni kemur fram álit á verktíma og sundurliðað kostnaðarmat. Því hefur ekki verið hnekkt og raunar ekki sætt sérstökum andmælum sem slíkt í málinu. Við mat á umfangi heildartjóns stefnenda vegna

útgjalda af þessum sökum verður matsgerðin lögð til grundvallar, sbr. 1. mgr. 52. gr. neytendakaupalaga, en því næst kemur til skoðunar hvort lækka beri skaðabætur samkvæmt varakröfu stefnda.

91. Með vísan til sömu forsendna dómsins og liggja til grundvallar niðurstöðu um bóta-ábyrgð stefnda er hafnað málsástæðum hans fyrir varakröfu sem varða ákvæði 2. málslíðar 1. mgr. 52. gr. neytendakaupalaga og 54. gr. sömu laga, þ.e. varðandi tjón sem með sanngirni mátti sjá fyrir og tjónstakmörkunarskyldu. Nánar má nefna þar að ekki er fallist á að úrlausn um tjón stefnenda og skaðabótaskyldu stefnda geti tekið mið af upphaflegu kaupverði klæðningarinnar. Sömuleiðis þykir stefndi ekki hafa fært fram haldbær rök um að stefnendum hafi eins og á stóð og samkvæmt þeim forsendum sem dómurinn byggir á verið færar sanngjarnar ráðstafanir til að takmarka tjón sitt.
92. Stefndi byggir kröfu um lækkun skaðabótakröfu einnig á því að klæðningin hafi verið á fasteign stefnenda í langan tíma og að þau hafi haft afnot af henni þann tíma. Eins og nánar kemur fram í umfjöllun um málatilbúnað stefnda að þessu leyti er þar í aðalatriðum byggt á því að fullar bætur til stefnenda myndu fara gegn meginreglum skaðabótaréttar um að tjónþoli eigi ekki að hagnast fjárhagslega á tjóni sínu og einnig á því að tillit verði að taka til þess að með nýrri klæðningu á hús stefnenda kæmi nýtt í stað gamals og hafi bætur iðulega verið lækkaðar í slíkum tilvikum samkvæmt dómvenju.
93. Í málinu liggur fyrir að klæðningin var keypt og sett á hús stefnenda á áliðnu ári 2009. Síðan eru liðin rúm 16 ár. Samkvæmt því sem lagt hefur verið fram og byggt hefur verið á í málinu, þar á meðal báðum matsgerðunum, snýst það aðeins um skemmdir á klæðningunni, einkum vegna útlitslýta, en ekki um skemmdir á húsinu sjálfu innan klæðningarinnar sem leitt hafi af þeim göllum hennar sem málið varðar. Eins og einnig hefur verið nánar rakið er fram komið að stefnendur tóku eftir göllum á klæðningunni fyrir nokkuð löngu síðan en höfðust ekki sérstaklega að í nokkur ár vegna þess. Enda þótt það teljist ekki hafa valdið þeim réttarspjöllum í málinu vegna tómlætis hvað varðar grundvöll kröfu þeirra þykir mega horfa til þess að vissu marki í þessu sambandi. Óháð þeim ástæðum fyrir því sem lýst var í aðilaskýrslu stefnanda Gríms Jóhanns, sem út af fyrir sig er unnt að kalla skiljanlegar, verður samkvæmt því að ætla í samhenginu hér að klæðningin hafi að mati stefnenda, þrátt fyrir þá galla sem á henni voru og eru, a.m.k. dugað að sinni án brýnna ráðstafana til að fullnægja því grundvallarhlutverki utanhússklæðninga að verja húsið sjálft. Ekki liggur svo annað fyrir í málinu en að það hafi hún í reynd gert, hvað sem öðru líður. Þá er til þess að líta að í kröfurétti og

skaðabótarétti og dómaframkvæmd á þeim réttarsviðum er almennt viðurkennt að við ákvörðun bóta sé eftir atvikum unnt að taka hæfilegt tillit til þess viðmiðs að nýtt komi í stað gamals.

94. Að þessu virtu verða skilyrði talin til þess eins og málið er vaxið að fallast á varakröfu stefnda um lækkun skaðabóta til stefnenda. Í matsgerð Stefáns Hallssonar er í áætlun á kostnaði og tjóni stefnenda vegna gallanna ekki tekin afstaða til viðmiða um nýtt í stað gamals eða gert ráð fyrir áhrifum af því við útreikning kostnaðar og liggur þar einnig fyrir að það atriði var ekki lagt fyrir hann í matsspurningum. Liggur annars ekkert sérstakt fyrir í málinu sem byggt yrði nánar á að þessu leyti og hafa aðilar ekki reifað slíkt sérstaklega. Í ljósi þess verða bætur til stefnenda lækkaðar að álitum. Þykir þar hæfilegt samkvæmt framangreindu og atvikum að öðru leyti, þar á meðal með hliðsjón af tímalengd ábyrgðar á klæðningunni, að miða við lækkun stefnufjárhæðar um 40%. Stefnufjárhæð málsins, 8.960.800 krónur, er hin sama og kostnaðarmat í matsgerð Stefáns Hallssonar á efni og vinnu með virðisaukaskatti en í sundurliðun kostnaðarmats kemur fram að verkliðir séu tilgreindir hverju sinni með öllum sköttum og skyldum ásamt tækniþjónustu. Samkvæmt þessu verða bætur til stefnenda ákveðnar 5.376.480 krónur.

*Dráttarvextir, málskostnaður o.fl.*

95. Stefnendur krefjast dráttarvaxta frá þingfestingu málsins til greiðsludags. Málið var þingfest 26. mars 2024. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 skulu skaðabótakröfur bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Ekki verður fallist á með stefnda að tjónsafleiðingar séu ekki komnar fram á klæðningunni í ljósi þess að skemmdir á henni hafa legið fyrir lengi. Liggur þar a.m.k. fyrir að stefnendur upplýstu stefnda um þær á eða upp úr miðju ári 2023 og að fulltrúar stefnda skoðuðu klæðninguna nokkru síðar sama ár. Matsgerð Stefáns Hallssonar sem stefnendur öfluðu lá fyrir við höfðun þess 19. mars 2024. Samkvæmt gögnum málsins var matsgerðin send stefnda og lögmanni stefnda með bréfi lögmanns stefnenda skömmu áður, eða 5. mars 2024. Með svari lögmanns stefnda 15. mars 2024 var bótaskyldu hafnað á grundvelli sömu sjónarmiða í aðalatriðum og hafnað hefur verið í dómnum. Í ljósi framangreinds verður miðað við að krafa stefnenda beri dráttarvexti frá þeim degi þegar mánuður var liðinn frá því að matsgerðin var kynnt stefnda og óskað afstöðu hans til

bótaskyldu, þ.e. frá 5. apríl 2024. Verður þannig fallist á dráttarvaxtakröfu stefnenda á þann hátt sem greinir í dómsorði.

96. Í samræmi við niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað. Að teknu tilliti til umfangs og meðferðar málsins, virðisaukaskatts og kostnaðar af öflun matsgerðar samkvæmt fyrirbyggjandi reikningi matsmanns, sem og með hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns stefnenda, þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 2.500.000 krónur.
97. Einar Hugi Bjarnason lögmaður flutti málið fyrir stefnendur og Leó Daðason lögmaður fyrir stefnda.
98. Dóminn kveða upp Finnur Þór Vilhjálmsson héraðsdómari og dómsformaður, Helgi Sigurðsson héraðsdómari og Ásmundur Ingvarsson verkfræðingur. Dómsformaður tók við meðferð málsins 5. janúar 2026 en hafði fram að því ekki afskipti af meðferð þess.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Þ. Þorgrímsson & Co. ehf., greiði stefnendum, Grími Jóhanni Ingólfssyni og Guðfinnu A. Hjálmarsdóttur, sameiginlega 5.376.480 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. apríl 2024 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega 2.500.000 krónur í málskostnað.

Finnur Þór Vilhjálmsson

Helgi Sigurðsson

Ásmundur Ingvarsson